

Nd.

220. Frumvarp

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Jón Jónsson og Lárus H. Bjarnason.

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnvel þó hann sje ekki sveitlægur þar í hreppi, gegn fullu endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þarfamaður eigi lögskildan framfærslumann, jafnvel innsveitis.

2. gr.

69. gr. orðist svo:

Nú hefir maður, sem á framfærslurjett annarstaðar, þegið 100 króna sveitarstyrk í dvalarsveit sinni, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

3. gr.

74. gr. orðist svo:

Framfærslusveit ber kostnað við flutning þurflamanns, en ef dvalarsveit annast flutninginn greiðir hún kostnaðinn til bráðabirgða. Flutningskostnaðinn skal ekki telja sveitarstyrk veittan þurfalning.